

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 14. apríl var haldinn 139. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:05 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Guðfinna Ármannsdóttir, Eldey Huld Jónsdóttir og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björk Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Þrjú erindi frá íbúum.

Ábending vegna aksturs bíla um göngustíg við Esjugrund.

Ósk lóðareigenda við Velli um ofanflóðahættumat vegna deiliskipulags við lóðina.

Óánægja íbúa með að of mikið af bílum sé lagt inn á lóðir utan bílastæða til langs tíma.

Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir því að borgaryfirvöld komi í veg fyrir að bílar aki inn göngustíg til móts við Esjugrund 39. Íbúar og hverfisráð hafa áhyggjur af öryggi barna og annarra gangandi vegfarenda sem ganga um stíginn.

Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness ályktar að Reykjavíkurborg skuli kosta ofanflóðahættumat vegna jarðarinnar Valla líkt og hún gerði undir Esjuhlíðum að norðanverðu meðfram Vesturlandsvegi. Með því er jafnræðis gætt meðal íbúa undir Esjuhlíðum.

Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir inngripi vegna fjölda bíla sem hafðir eru til geymslu innan og við lóðarmörk í Esjugrund svo mánuðum skiptir. Íbúar í nágrenninu hafa kvartað yfir sjónmengun.

2. Útskrift úr gerðarbók USK dags. 11.4.2016 lögð fyrir fundinn til kynningar.

3. Nýr varamaður Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Hverfisráði Kjalarness kynntur, Sigrún Jóhannsdóttir.

4. Málefni fólks í leit að alþjóðlegri vernd til umræðu.

Ákveðið að hafa opið hús í Fólkvangi fyrir íbúa Kjalarness og þá menn sem búa í Arnarholti og eru að óska eftir alþjóðlegri vernd laugardagsmorguninn 7. maí kl. 10:30.

5. Styrkumsóknir.

Olga Ellen Þorsteinsdóttir kt. 110180-5199 og Brynhildur Hrund Jónsdóttir kt. 141275-4379 styrkumsókn til hreinsunarstarfa meðfram Vesturlandsvegi. Umsókn hafnað á grundvelli þess að hverfisráðið líti svo á að þetta verkefni sé þarft en að það eigi að vera á könnu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Páll Heimir Pálsson kt. 260962-3539 styrkumsókn til loftmyndunar menningarmyndja í samvinnu við Sögufélagið Steina. Umsókn samþykkt. 50.000kr. úthlutað.

Próunarfélag Kjalarness kt. 610611-0950 styrkumsókn til uppsetningar útilistaverks við gatnamót Vallargrundar og Kollagrundar. Umsókn hafnað vegna þess að umsóknin er ófullnægjandi.

Björgunarsveitin Kjölur kt. 690390-1089 styrkumsókn vegna fræðslu um algeng veikindi og slys meðal barna í samvinnu við Slysavarnadeildina í Reykjavík. Umsókn samþykkt. 50.000kr. úthlutað.

Petra María Ingvaldsdóttir kt. 300601-2190 styrkumsókn vegna söngskemmtunar á Kjalarnesdögum. Umsókn samþykkt. 15.000kr. úthlutað

Leikskólinn Berg kt. 530269-7609 styrkumsókn vegna kennslugagna. Umsókn samþykkt. 55.000kr. úthlutað.

Sögufélagið Steini kt. 420312-0160 styrkumsókn vegna minnismerkis á Esjubergi. Umsókn samþykkt. 50.000kr. úthlutað.

Ungmennafélag Kjalnesinga kt. 700895-2979 styrkumsókn vegna hátíðahalda á hverfahátíð Kjalnesinga. Umsókn samþykkt 150.000kr. úthlutað.

Fundi slitið kl. 19:00

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttir
Hafsteinn Númason

Eldey Huld Jónsdóttir